

FUNDARBOÐ

**220. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar
verður haldinn Hjálmakletti, fimmtudaginn 11. nóvember 2021 og hefst kl.
16:00**

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra.

2. 2106002 - Fjárhagsáætlun 2022

Lögð fram til fyrri umræðu tillaga að fjárhagsáætlun Borgarbyggðar fyrir árið 2022 og fjárheimildum fyrir árin 2023 - 2025.

3. 2009033 - Samþykktir um stjórn Borgarbyggðar - breytingar

Sveitarstjóri leggur til við sveitarstjórn að breytingar verði gerðar á samþykkt um stjórn Borgarbyggðar vegna breytinga á sveitarstjórnarlögum. Helstu breytingarnar varða þátttöku í rafrænum fundum, samvinnu við önnur sveitarfélög og samninga um starfrækslu verkefna og framsal til fullnaðarafgreiðslu mála. Sveitarstjóri þeggur til að sveitarstjórn samþykki að vísa framlögðum breytingartillögum að samþykktum um stjórn Borgarbyggðar til síðari umræðu á næsta sveitarstjórnarfundum.

4. 1210076 - Samþykkt um búfjárhald

Afgreiðsla 25. fundar umhverfis - og landbúnaðarnefndar: "Umhverfis- og landbúnaðarnefnd leggur til að breytingar verði gerðar á drögum um samþykkt um búfjárhald í samræmi við umsögn Bændasamtaka Íslands. Nefndin hvetur sveitarstjórn til að standa fyrir ítarlegri kynningu á samþykktinni að lokinni gildistöku. Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar." Síðari umræða um búfjársamþykkt Borgarbyggðar.

5. 2106073 - Söfnun dýraleifa - samþykktir

Afgreiðsla 25. fundar umhverfis - og landbúnaðarnefndar: "Umhverfis- og landbúnaðarnefnd telur að í 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 m. s.br. komi fram skýr heimild sveitarfélagsins til að mæla fyrir um fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi. Nefndin leggur til að gerðar verði breytingar á samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð þar sem skýrt er kveðið á um fyrirkomulag og gjaldskrá vegna söfnunar og förgunar dýraleifa frá lögbýlum. Að öðru leyti telur nefndin ekki ástæðu til að breyta fyrirkomulagi þjónustunnar. Endanlegri afgreiðslu er vísað til sveitarstjórnar." Síðari umræða um samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð.

6. 2110114 - Skipuritsbreyting - tölvuumsjón

Afgreiðsla 575. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar í trúnaðarmálabók sveitarfélagsins:

"Byggðarráð Borgarbyggðar samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að breyta skipuriti sveitarfélagsins með þeim hætti að starf tölvuumsjónarmanns á stjórnsýslu- og þjónustusviði verði lagt niður og gengið verði til útboðs á þeirri þjónustu sem tölvuumsjónarmaður hefur sinnt hingað til fyrir sveitarfélagið.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að tilkynna tölvuumsjónarmanni um skipuritsbreytingu og jafnframt óska eftir því að vinna tölvuumsjónarmanns á uppsagnarfresti verði afþökkuð.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að ganga til samninga við aðila sem sérhæfa sig í tölvuumsjón, til þess að ganga inn í starf tölvuumsjónarmanns á meðan á útboðstíma standur."

7. 2110157 - Tölvuþjónusta í Borgarbyggð - þjónustu- og vinnslusamningur

Afgreiðsla 578. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: "Byggðarráð felur sveitarstjóra að undirrita samninginn f.h. sveitarfélagsins með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar og vísar samningnum til samþykktar í sveitarstjórn."

8. 2105066 - Umsókn um styrk til endurnýjunar rotþróar

Afgreiðsla 26. fundar umhverfis- og landbúnaðarnefndar: "Umhverfis- og landbúnaðarnefnd leggur til við sveitarstjórn að núverandi reglur verði aflagðar. Nefndin vill kynna sér nýjungar og umhverfisvænni lausnir í fráveitumálum í dreifbýli. Að því loknu mun nefndin leggja til breyttar og endurskoðaðar reglur."

9. 2009127 - Drög að sjálfbærnistefnu fyrir Borgarbyggð

Afgreiðsla 26. fundar Umhverfis- og landbúnaðarnefndar: "Umhverfis- og landbúnaðarnefnd bendir á að sjálfbærnistefna þarf að taka á allri starfsemi sveitarfélagsins og móta stefnu til framtíðar sem tekur á efnahagslegum, félagslegum og umhverfislegum þáttum. Þá er nauðsynlegt að fjármagna slíkt verkefni enda má gera ráð fyrir að ráða þurfi starfsmann eða kaupa þjónustu sérfræðinga. Nefndin leggur til að stofnaður verði vinnuhópur sem undirbúi stefnugerðina, sem samanstendur af fulltrúum sem hafa þekkingu á mismunandi þáttum í starfsemi sveitarfélagsins. Endanlegri afgreiðslu er vísað til sveitarstjórnar."

10. 2109113 - Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi

Framlögð drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Umhverfis- og landbúnaðarnefnd fjallaði um málið á fundi sínum þann 21. október 2021. Eftirfarandi var bókað: Umhverfis- og landbúnaðarnefnd gerir engar athugasemdir við framlögð drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Sveitarstjóri leggur til við sveitarstjórn að taka undir bókun nefndarinnar.

11. 2111007 - Verklagsreglur fyrir leikskóla Borgarbyggðar 2021

Afgreiðsla 203. fundar fræðslunefndar: "Gerð er tillaga að breytingum á verklagsreglum Borgarbyggðar Undir liðnum 1. Umsókn og innritun "Gert er ráð fyrir því að börn geti hafið leikskólagöngu við 12 mánaða aldur séu laus pláss í leikskólanum. Í undantekningar tilvikum getur leikskólastjóri í samráði við sviðsstjóra fjölskyldusviðs heimilað inngöngu

fyrir 9-12 mánaða gömul börn ef það hefur ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir leikskólann og seinkar ekki inntöku eldri barna. Málinu er vísað til sveitarstjórnar til samþykktar."

12. 2109015 - Gjaldskrá fyrir mótuneyti í grunn- og leikskólum

Afgreiðsla 203. fundar fræðslunefndar: "Sviðsstjóri fjölskyldusviðs fer yfir hugmyndina um að taka upp systkinaafslátt í mótuneytum grunnskólanna. Fræðslunefnd leggur til að tekinn verði upp afsláttur fyrir 3., 4., 5. og 6. barn. Hann sé 20% fyrir þriðja barn, 30% fyrir fjórða barn, 40% fyrir fimmta barn og 50% fyrir sjötta barn."

13. 2110093 - Samskiptastefna Borgarbyggðar

Afgreiðsla 29. fundar atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefndar:

"Samskiptastefna Borgarbyggðar lögð fram til umsagnar.

Atvinnu-, markaðs og menningarmálanefnd gerði tillögur af breytingum og vísar stefnunni til sveitarstjórnar til samþykktar.

Jafnframt felur nefndin samskiptastjóra að kynna stefnuna þegar samþykki liggur fyrir."

14. 2110104 - Vafrakökustefna Borgarbyggðar

Afgreiðsla 29. fundar atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefndar:

"Vafrakökustefna Borgarbyggðar lögð fram til umsagnar.

Atvinnu-, markaðs og menningarmálanefnd samþykkir fyrirbyggjandi vafrakökustefnu Borgarbyggðar og vísar henni til sveitarstjórnar til samþykktar."

15. 2110103 - Vefstefna Borgarbyggðar

Afgreiðsla 29. fundar atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefndar:

"Vefstefna Borgarbyggðar lögð fram til umsagnar.

Atvinnu-, markaðs og menningarmálanefnd samþykkir fyrirbyggjandi vefstefnu Borgarbyggðar og vísar henni til sveitarstjórnar til samþykktar.

Jafnframt felur nefndin samskiptastjóra að kynna stefnuna þegar samþykki liggur fyrir."

16. 2110091 - Reglur um styrktarlínur og auglýsingar

Afgreiðsla 29. fundar atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefndar:

"Reglur um styrktarlínur og auglýsingar lagðar fram til umsagnar.

Atvinnu-, markaðs og menningarmálanefnd samþykkir fyrirbyggjandi reglur um styrktarlínur og auglýsingar og vísar henni til sveitarstjórnar til samþykktar."

17. 2101140 - LBHI- br. ask - (P1) á Hvanneyri

Afgreiðsla 29. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd

leggur til við sveitarstjórn að samþykkja ofangreinda lýsingu til auglýsingar fyrir Jarðræktarmiðstöð LBHÍ á Hvanneyri í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

18. 2005037 - Húsafell, tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, skipulagslýsing, verslunar- og þjónustusvæði.

Afgreiðsla 29. fundar skipulags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila lausn lands Húsafells 1 og Bæjargils úr landbúnaðarnotum sbr. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004 m.s.br."

19. 2110019 - Stóri-Ás L134513 - Frístundabyggð - br.dsk

Afgreiðsla 29. fundar skipulags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu að breytingu deiliskipulags fyrir Ásahverfi í landi Stóra Áss til auglýsingar. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010."

20. 2108117 - óv.br.dsk - L187690 - Galtarholt 1 - Stekkjarás

Afgreiðsla 29. fundar skipulags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynnt verði óveruleg breyting á deiliskipulagi í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir landeigendum Galtarholts 1 land og eignum Skógarvegur 1, 3, 4, 5, og 8."

21. 2105199 - Umsókn um framkvæmdaleyfi_Göngustígur_Kveldúlfsgata 17-27

Afgreiðsla 29. fundar skipulags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja útgáfu framkvæmdaleyfis þar sem grenndarkynning hefur farið fram skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Útgáfu framkvæmdaleyfis skal binda þeim tilmælum sem fram koma í umsögn Umhverfisstofnunar og skilyrði sett um lokafrágang við stíginn varðandi umgengni og gróður, í allri hönnun og framkvæmd verði leitast við að fella bæði grjótvörn og stíginn eins vel að landi og mögulegt er, öryggi íbúa og gesta verði gætt til hins ítrasta á framkvæmdatíma og framkvæmdir verði óheimilar frá miðjum apríl til loka september, þegar varp fugla er í gangi á svæðinu. Auk þess skuli gera ráð fyrir aðgengi fólks niður í fjöruna við Kveldúlfsgötu. Skipulags- og byggingarnefnd telur að fyrirbyggjandi tillaga um legu og gerð stígsins falli að þeim markmiðum sem lagning stígsins felur í sér og aðrir möguleikar sem fyrir hendi eru, séu ekki raunhæfir. Þá tekur skipulags- og byggingarnefnd undir umsögn Umhverfisstofnunar að áhrif lagningar göngustígs á umhverfið sé óveruleg."

22. 2001067 - Mælímastur Grjótháls - framkvæmdaleyfi_umsókn

Afgreiðsla 29. fundar skipulags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að vísa þeim vafa sem til staðar er um útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir reisingu á mastri til vindmælinga á Grjóthálsi beint til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála samkvæmt heimild í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Að kröfu málsaðila verður stjórnvaldsákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis ekki endurupptekin. Hafi tilvist stjórnvaldsákvörðunar áhrif á framgang málsins hjá úrskurðarnefnd verður sú afstaða endurskoðuð."

23. 2108116 - L209926 - Galtarholt 2 - Perlan - framkv.leyfi

Afgreiðsla 29. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Borgarbyggðar að samþykkja útgáfu framkvæmdaleyfis skv. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu vegna framkvæmdarinnar."

24. 2110176 - Þverá veiðihús L134752 - samruni lóða

Afgreiðsla 29. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að sveitarstjórn heimili samruna lóðanna Þverá veiðihús L134752 og Þverá 1 veiðihús L231037. Stærð lóðar verður 7824 m²."

25. 2105064 - Mávaklettur 10 - br. ask.

Afgreiðsla 30. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu að breyttu aðalskipulagi sveitarfélagsins í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar."

26. 2006131 - Jarðlangsstaðir, umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir skógrækt

Afgreiðsla 30. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja útgáfu framkvæmdaleyfis þar sem grenndarkynning hefur farið fram skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

27. 2110034 - Aðveitulögn Hamrar - Varmilækur - framkvæmdaleyfi

Afgreiðsla 30. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja útgáfu framkvæmdaleyfis til Veitna fyrir endurnýjun á aðveitulögn hitaveitu frá Deildartungu að Akranesi sbr. reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi."

28. 2110100 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - Efnistaka við Hringveg (1-h2) í Norðurárdal, ármót Norðurá og Litluá

Afgreiðsla 30. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja útgáfu framkvæmdaleyfis til Vegagerðarinnar fyrir efnistöku við Hringveg í Norðurárdal, ármót Norðurá og Litluá sbr. reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi."

Fundargerð

29. 2110013F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 576

- 29.1 2102100 - Húsnæðismál Borgarbyggðar
- 29.2 2109194 - Húsnæðissjálfsseignarstofnun á landsbyggðinni
- 29.3 2110065 - Samstarf í stafrænni umbreytingu sveitarfélaga 2022
- 29.4 2109011 - Nafn á fossi við Langjökul
- 29.5 2110022 - Ugmennahæing Vesturlands og kosning ungmennaráðs Vesturlands
- 29.6 2102057 - Öryggismál í biðskýlum
- 29.7 2110030 - Hopp rafskútur í Borgarnesi
- 29.8 2108060 - Gönguleiðir í Borgarbyggð

- 29.9 2109056 - Uppsetning skilta og mögulegur Frisbee-golfvöllur - Fyrirspurn
- 29.10 2110083 - Viðmiðunarlaunatafla fyrir fulltrúa í sveitarstjórnnum
- 29.11 1804038 - Hringvegur 1 í Borgarnesi - lýsing á tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022
- 29.12 2110091 - Reglur um styrktarlínur
- 29.13 2110103 - Vefstefna Borgarbyggðar
- 29.14 2110093 - Samskiptastefna Borgarbyggðar
- 29.15 2110104 - Vafrakökustefna Borgarbyggðar
- 29.16 2110024 - Nýtt hesthús í Gilsbakkaseli - beiðni um fjármagn
- 29.17 2110020 - ADHD samtökin - umsókn um styrk
- 29.18 2110002 - Matvælalandið Ísland - atvinnusýning
- 29.19 2107037 - Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna framkvæmdarleyfis fyrir strandstig meðfram Borgarvogi
- 29.20 2110089 - Ölvaldsstaðir 2 - umsókn um ljósastaura
- 29.21 2110075 - Bjargarás - beiðni um ljósastaura
- 29.22 2110067 - Húsnefnd Þinghamars - fundargerð 30.september 2021
- 29.23 2102086 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - fundargerðir 2021
- 29.24 2010144 - Faxaflóahafnir sf._fundargerðir
- 29.25 2106113 - Fundargerðir Orkuveitu Reykjavíkur 2021
- 29.26 2110073 - Eigendafundur Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

30. 2110019F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 577

- 30.1 2106002 - Fjárhagsáætlun 2022
- 30.2 2004072 - Rýnihópur v. verðmats Orkuveitu Reykjavíkur
- 30.3 2110088 - Íþróttahús - Frumhönnun
- 30.4 1911134 - Skipulagsmál við Brákarhlíð
- 30.5 2008127 - Styrkir á sviði menningarmála
- 30.6 2110086 - Samstarfsaðild Markaðsstofu Vesturlands 2022
- 30.7 2110138 - Tilkynning um niðurfellingu, Staðarvegur (5307-03) af vegaskrá
- 30.8 2110154 - Ósk um tilnefningu fulltrúa vegna innleiðingar laga um þjónustu í þágu barna.
- 30.9 2110146 - Ágóðahlutagreiðsla 2021

31. 2111001F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 578

- 31.1 2106002 - Fjárhagsáætlun 2022
- 31.2 2110088 - Íþróttahús - Frumhönnun
- 31.3 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði
- 31.4 2004072 - Lækkun gjaldskrár Orkuveitu Reykjavíkur
- 31.5 2006197 - Ráðgjafavinna á sviði upplýsingatækni - upplýsingatæknistefna
- 31.6 2110157 - Tölvuþjónusta í Borgarbyggð - þjónustu- og vinnslusamningur

- 31.7 2102065 - Lokun starfsemi að Brákarbraut 25-27
- 31.8 2001118 - Ljósleiðari í Borgarbyggð - framkvæmdir
- 31.9 2110096 - Endurnýjun malbiks á Þórðargötu- verðfyrirspurn
- 31.10 2111021 - Syðri-Hraundalur 2 - framkvæmdaleyfi Rarik
- 31.11 2110182 - Umsókn um lóð - Rjúpuflöt 6-8
- 31.12 2111023 - Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis
- 31.13 2102005 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2021

32. 2110009F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 27

- 32.1 2108054 - Umhverfisviðurkenningar 2021
- 32.2 2109113 - Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi
- 32.3 2108059 - Rauðsgilsrétt - girðing
- 32.4 2110094 - Fjárhagsáætlun 2022 Umhverfis- og framkvæmdadeild
- 32.5 2110095 - Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu
- 32.6 2109193 - Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss - Ósk um umsögn
- 32.7 2109147 - Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í íslenskum sveitarfélögum - stuðningsverkefni
- 32.8 2110102 - Deild umhverfis- og framkvæmdamála, staðan í október

33. 2110017F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 203

- 33.1 2111009 - Skólastarfið í Tónlistaskóla Borgarfjarðar
- 33.2 2111020 - Innritun í leikskóla 2021
- 33.3 2111007 - Verklagsreglur fyrir leikskóla Borgarbyggðar 2021
- 33.4 2111008 - Reglur Borgarbyggðar um skólaakstur í grunnskóla
- 33.5 2102057 - Öryggismál í biðskýlum
- 33.6 2111010 - Fjárhagsáætlun fyrir leik- grunn og tónlistaskóla
- 33.7 2109015 - Gjaldskrá fyrir mötuneyti í grunn- og leikskólum
- 33.8 2109108 - Starfsáætlun íþróttamála á fjölskyldusviði
- 33.9 2111011 - Gjaldskrá fyrir íþróttamiðstöðvar 2021
- 33.10 2111019 - Frístundastarfsemi haust 2021
- 33.11 2010114 - Frístundastyrkur
- 33.12 2109154 - Menntastefna 2030
- 33.13 2109067 - Kynheilbrigði og virkar ofbeldisforvarnir

34. 2110018F - Atvinnu - markaðs - og menningarmálanefnd - 29

- 34.1 2110103 - Vefstefna Borgarbyggðar
- 34.2 2110104 - Vafrakökustefna Borgarbyggðar
- 34.3 2110091 - Reglur um styrktarlínur og auglýsingar
- 34.4 2110093 - Samskiptastefna Borgarbyggðar
- 34.5 2108060 - Gönguleiðir í Borgarbyggð

- 34.6 2110171 - Jóla- og áramótahátíðir 2021-2022
- 34.7 2010189 - Markaðsmál 2021

35. 2111003F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 29

- 35.1 2002119 - Endurskoðun ASK 2010-2022
- 35.2 2101140 - LBHI- br.ask - (P1) á Hvanneyri
- 35.3 2110178 - Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar
- 35.4 2005037 - Húsafell, tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, skipulagslýsing, verslunar- og þjónustusvæði.
- 35.5 2110019 - Stóri-Ás L134513 - Frístundabyggð - br.dsk
- 35.6 2108117 - óv.br.dsk - L187690 - Galtarholt 1 - Stekkjarás
- 35.7 2105199 - Umsókn um framkvæmdaleyfi_Göngustígur_Kveldúlfsgata 17-27
- 35.8 2001067 - Mælimastur Grjótháls - framkvæmdaleyfi_umsókn
- 35.9 2108116 - L209926 - Galtarholt 2 - Perlan - framkv.leyfi
- 35.10 2110176 - Þverá veiðihús L134752 - samruni lóða
- 35.11 2109193 - Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss - Ósk um umsögn
- 35.12 2110012 - Hvanneyri - br.dsk Flatahverfis
- 35.13 2109181 - Vallarás - Br. á DSK
- 35.14 2109151 - Líffræðileg fjölbreytni í borgum og bæjum - skýrsla

36. 2111007F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 30

- 36.1 2105064 - Mávaklettur 10 - br. ask.
- 36.2 2006131 - Jarðlangstaðir, umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir skógrækt
- 36.3 2110034 - Aðveitulögn Hamrar - Varmilækur - framkvæmdaleyfi
- 36.4 2110100 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - Efnistaka við Hringveg (1-h2) í Norðurárdal, ármót Norðurá og Litluá
- 36.5 2110122 - Berugata 4 - Stækkun lóðar - Lóðarleigusamningur
- 36.6 2110001 - Sóleyjarklettur 2 - Umsókn - Skilti - Niðursetning
- 36.7 2106034 - Skógarkot - L219170 - skipting lands
- 36.8 2109056 - Uppsetning skilta og mögulegur Frisbee golf völlur - Fyrirspurn
- 36.9 2109193 - Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss - Ósk um umsögn
- 36.10 2105014F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 180
- 36.11 2107006F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 181
- 36.12 2108007F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 182
- 36.13 2109002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 183
- 36.14 2109011F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 184
- 36.15 2110002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 185
- 36.16 2111002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 186

37. 2111006F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 120

- 37.1 2012129 - Trúnaðarbók 2021

- 37.2 2110045 - Fjárhagsáætlun félagsþjónustu 2022
- 37.3 2111048 - Umsókn um rekstrarstyrk fyrir árið 2022
- 37.4 2111047 - Gjaldskrár félagsþjónustu 2022
- 37.5 2111004 - Mæðrastyrksnefnd Akraness - umsókn um styrk

10.11.2021
Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri.